

stjórn 4. maí 1872, nje heldur, að hlutaðeigandi sýslu-
nefnd hafi rannsakað og úrskurðað hann samkvæmt
fyrirmælum sömu lagagreinar, eða að hún hafi gefið
oddvita sínum umboð til að gjöra það.

Þessi málsatvik, sem hjer eru tilgreind, eru svo
vaxin, að það verður að dæma hinn áfrýjaða aukarjett-
ardóm ómerkan og vísa málinu frá hjeradsrjettinum.
Eptir málavöxtum þykir rjett, að kostnaður sakarinnar
í hjeraði og fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera ó-
merkur og vístast málinu frá hjeradsdóminum.
Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn hinn 11. nóvbrmán.

Nr. 36/1889

Andrjes Jónsson

gegn

Þórarni Guðmundssyni
fyrir hönd Thostrups verzlunar

D ó m u r :

Með dómi kveðnum upp í aukarjetti Norðurmúla-
sýslu 21. dag desbrmánadar f. á. var áfrýjandi þessa
máls, Andrjes Jónsson, dæmdur til að greiða hinum
stefnda, Þórarni Guðmundssyni fyrir hönd Thostrups
verzlunar, 25 kr. 65 a. með 5⁰/₁₀₀ ársvöxtum frá sátta-
kærudegi til borgunardags, og ennfremur 240 kr. með
sömu vöxtum, nema hann vinni eið að því, að hann
hvorki sjálfur hafi skrifað eða látið skrifa nafn sitt
undir leigusamning frá 4. ágúst 1886 um leigu af ³/₄
hlutum húseignarinnar Borgarhóls með lóð. Svo var

honum og með dóminum gjört að skyldu að greiða málskostnað með 60 kr., ef hann eigi treysti sjer til að vinna eiðinn.

Þessum dómi hefur Andrjes Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dagsettri 1. júní þ. á. og þar krafizt, að úrskurður sá, sem upp var kveðinn í hjeraði 15. desbr. 1888, og sem sjerstaklega hefur verið áfrýjað, með hverjum áfrýjanda var synjað um frest til andsvara í málinu, verði felldur úr gildi, en eptirfarandi meðferð málsins og hinn áfrýjaði aukarjettardómur ónýtt, principaliter án heimvísunar, subsidiært með heimvísun, þannig að málið sje fyrirtekið í þeirri mynd, er það hafði áður en úrskurðurinn var kveðinn upp og áfrýjanda veittur hæfilegur, að minnsta kosti 14 daga frestur til að svara, en til vara hefur hann krafizt að verða algjörlega sýknaður í málinu. Loks hefur hann, hvernig sem fer, krafizt málskostnaðar fyrir báðum dómum með 150 kr. eða einhverju nægilegu. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að undirjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati rjettarins.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í hjeraði 30. nóv. f. á. Var þá málið tekið undir dóm með því áfrýjandi mætti ekki. Hinn 4. desbr. næst eptir var málið tekið upp aptur og áfrýjanda veittur viku frestur til andsvara. Að honum liðnum lagði hann fram vörn í málinu 11. s. m. og fjekk stefndi þá frest til 15. s. m. Þann dag lagði stefndi fram langt sóknarskjal; áfrýjandi beiddi um einhvern frest til andsvara, en með úrskurði kveðnum upp sama dag var honum synjað um frest.

Í 12. gr. tilsk. 15. ágústmán. 1832 er hjeraðsdóm-

urum boðið annarsvegar að gæta þess, að mál ekki sjeu tekin ófyrirsynju upp til dóms, og hins vegar, að málið ekki dragist ótilhlýðilega, og eiga þeir ekki að veita frest, ef það er alveg ljóst, að málið ekki getur orðið betur skýrt.

Í þessu máli virðist það nú ekki að vera alveg ljóst, að áfrýjandi ekki hefði getað skýrt málið betur, ef hann hefði fengið hinn umbeðna frest, og verður því ekki hjá komizt, að dæma hinn áfrýjaða úrskurð ógildan og þá líka að dæma dóminn og alla meðferð málsins, frá því að úrskurðurinn frá 15. desbr. 1888 var uppkveðinn, ómerkt, og að vísa málinu heim aptur og skylda dómarann til þess að fyrirtaka það aptur eins og því var komið 15. des. f. á., áður en úrskurðurinn var upp kveðinn. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hjerasdómaranum ber að taka mál þetta fyrir aptur, og koma því í það horf, er það var 15. des. f. á., áður en áfrýjanda var neitað um frest í málinu, og veita honum hæfilegan frest til andsvara. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 48/1889.

Hannes Hafstein
fyrir hönd Alex. Mc. Glashan & Son
gegn
Jóhönnu Kr. Bjarnason.

D ó m u r :

Þegar dánar- og fjelagsbúi hinnar stefndu, ekkju-